

skulu einnig halda gildi þegar upphafleg virkni búnaðar, sem draga á úr mengun, hefur minnkað vegna slits.

5. Mælingar frá mengun í umhverfinu.

5.1. ISAL skal athuga reglulega flúormengun í gróðri í nágrenni álversins eins og kveðið er á um í málsgrein 12.03 í samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. frá 28. mars 1966 og aðrar nauðsynlegar mælingar sem Hollustuvernd ríkisins gerir tillögu um og iðnaðarráðuneytið samþykkir, eins og þörf er á til að fullnægja málsgrein 12.02 samningsins.

6. Gjöld og kostnaður.

- 6.1. Árlega skal ISAL greiða Hollustuvernd ríkisins eftirlitsgjald að upphæð 4.000 SDR vegna eftirlits samkvæmt grein 3.5. Gjaldið skal endurskoðað fimmta hvert ár.
- 6.2. ISAL skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni álversins eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu bera ábyrgð á samskonar mengun. Slíkur kostnaður skal undir venjulegum kringumstæðum ekki nema hærri fjárhæð en 8.000 SDR á ári.
- 6.3. ISAL skal greiða gjald vegna útgáfu og kynningar á þessu starfsleyfi samkvæmt gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins. Fyrirtækið flokkast í fyrsta flokk, sbr. viðauka 9 í mengunarvarnareglugerð.

7. Gildistaka.

7.1. Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt 8. kafla mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með breytingum nr. 378/1994 og 536/1994, sbr. lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar framleiðsla eykst úr allt að 105.000 tonnum í allt að 170.000 tonn með framleiðslu í þriðja kerskála álverksmiðjunnar í Straumsvík og gildir í tíu ár frá útgáfudegi.

Umhverfissráðuneytið, 7. nóvember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um niðurfellingu reglugerðar nr. 415/1992 um innflutning og innflutningsleyfi.

1. gr.

Í samræmi við 29. gr. laga nr. 87/1995 um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, samanber 5. gr. laga nr. 88/1992 um innflutning, er úr gildi fallin reglugerð nr. 415/1992 um innflutning og innflutningsleyfi.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 2. nóvember 1995.

Finnur Ingólfsson.

Porkell Helgason.